



Ípróttabandalag Akraness

Handbók

Útgáfa 1.0

Efnisyfirlit

Upphaf og sögulegt ágríp	3
Aðildarfélög ÍA	3
ÍA – Öflugt bandalag með fjölbreytta starfssemi	4
Merki ÍA	5
Lög og reglugerðir	5
Skipulag og hlutverk.....	6
Skipurit:	6
Hlutverk og starfssvið framkvæmdastjórnar ÍA	7
Helstu hlutverk framkvæmdastjórnar ÍA	7
Helstu verk svið stjórnarmanna ÍA	8
Fjármálastjórn	10
Ábyrgð og verklag um fjárreiður.....	10
Bókhald, fylgiskjöl og ársreikningar	11
Stefnur, siðareglur og hegðunarviðmið	13
Íþróttastefna ÍA (samþykkt 1996).....	13
Vímuvarnastefna ÍA (samþykkt 1996).....	16
Stefna Íþróttabandalags Akraness og aðildarfélaganna þess gegn	17
einelti, áreitni og ofbeldi	17
Aðgerðaáætlun ÍA gegn einelti	19
Jafnréttisstefna Íþróttabandalags Akraness	22
Siðareglur ÍSÍ og ÍA	23
Hegðunarviðmið ÍSÍ og ÍA.....	24
Fræðslu- og félagsmálastefns ÍA.....	29
Umhverfisstefna ÍA	30
Persónuverndarstefna.....	31

Upphaf og sögulegt ágríp

Íþróttir eiga sér langa sögu á Akranesi og voru í byrjun nokkuð samofin stofnun Ungmennafélags Akraness þann 23. janúar 1910. Með stofnun Ungmennafélagsins hófst skipulögð íþrótt- og félagsstarfsemi á Akranesi og þótt félagið starfaði ekki í mörg ár, markaði það vissulega djúp spor í íþrótt- og félagsmál ungs fólks á Skaganum og innan þess var unnið merkt brautryðjendastarf. Knattspyrnufélagið Kári var stofnað 26. maí 1922 af nokkrum ungum drengjum. Knattspyrnufélagið Njörður var stofnað á Akranesi þann 9. mars 1924 af nokkrum strákum á fermingaraldri. Á aðalfundi félagsins haustið 1927 var nafninu breytt í Knattspyrnufélag Akraness, KA. Æfingar á fyrstu árunum voru stundaðar af kappi, án þess að þjálfari stjórnaði þeim og snemma byrjuðu kappleikir milli KA og Kára. Þrátt fyrir mikinn ríð á milli félaganna á fyrstu árunum eftir stofnun þeirra, sendu þau sameiginlegt lið til keppni utanbæjar. Má telja að með þessu hafi grunnurinn verið lagður að stofnun ÍA. Með íþróttalögum frá 1940 var ákveðið að skipta landinu í íþróttahéruð eftir sýslum, bæjarfélögum eða annarri viðmiðun. Í kjölfar þess var Íþróttabandalag Akraness (ÍA) stofnað þann 3. febrúar árið 1946 af knattspyrnufélögum KA og Kára. Frá þessum tíma hefur ÍA vaxið og dafnað og mörg frækin íþróttafrek unnist. Árið 1986 varð skipulagsbreyting hjá Íþróttabandalagi Akraness, sérráð bandalagsins voru lögð niður og sjálfstæð félög stofnuð.

Aðildarfélög ÍA

Í dag eru aðildarfélög ÍA 19 talsins:

Badmintonfélag Akraness	Knattspyrnufélagið Kári
Blakfélagið Bresi	Klifurfélag Akraness
Fimleikafélag Akraness	Kraftlyftingafélag Akraness
Golfklúbburinn Leynir	Körfuknattleiksfélag ÍA
Hestamannafélagið Dreyri	Sigurfari – Siglingafélag Akraness
Hnefaleikafélag Akraness	Skotfélag Akraness
Íþróttafélagið Þjótur	Sundfélag Akraness
Karatefélag Akraness	Umf. Skipaskagi
Keilufélag Akraness	Vélahjólaiþróttafélag Akraness
Knattspyrnufélag ÍA	

Það er stefna framkvæmdastjórnar ÍA að aðildarfélög þess sækji um gæðaviðurkenningu ÍSÍ “ Fyrirmyndarfélag ÍSÍ “. Eftirfarandi aðildarfélag ÍA er með gilda gæðaviðurkenningu ÍSÍ og getur kallað sig fyrirmyndarfélag:

- Golfklúbburinn Leynir

ÍA – Öflugt bandalag með fjölbreytta starfsemi

Íþróttastarf ÍA er mjög fjölbreytt og starfsemin öflug og metnaðarfull. Skagamenn eru stoltir af félaginu sínu og merki ÍA má sjá á hverjum degi um allan bæ. Áhrif öflugs íþróttastarfs á bæjarlífið eru einnig mikil. Á Akranes koma þúsundir landsmanna á hverju ári til að fylgjast með kappleikjum og íþróttamótum, stórum sem smáum eða til að nýta sér íþróttaaðstöðu Akurnesinga. Íþróttabandalagið og aðildarfélög þess eru einnig stór atvinnuveitandi, með tugi þjálfara á launaskrá eða sem verktaka. Mikilvægast er þó forvarna- og skemmtanagildi íþróttar fyrir ungt fólk. Við íþróttaiðkun eflist ekki eingöngu líkamlegt atgervi heldur einnig andlegt þar sem skapgerð mótast og vinskapur verður til fyrir lífstíð. Þetta mikla og mikilvæga starf grundvallast þó enn í dag á gríðarlega mikilli vinnu sjálfboðaliða í félögunum og Íþróttabandalaginu. Á annað hundrað sjálfboðaliða starfa í stjórnnum aðildarfélaganna og að mótahaldi kemur enn stærri hópur foreldra, forráðamanna, gamalla iðkenda og annarra aðstandenda. Í þessu felst hið raunverulega verðmæti og sá mikli kraftur sem er í íþróttalífinu á Akranesi. Lykill að velgengni okkar liggur í samstöðu og samvinnu. Bæði milli aðildarfélaga og í góðu samstarfi íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda. Lán okkar á Akranesi liggur í að allir aðilar eru meðvitaðir um gildi samvinnu og góðrar liðsheildar. Þessar áherslur og viðhorf innan ÍA höfum við orðað svo sem gildi ÍA:

Að koma saman er byrjun

Að vera saman eru framfarir

Að vinna saman er árangur

Þetta eru yfirlýst gildi sem reynt er að hafa að leiðarljósi í íþróttastarfi hjá ÍA. Við þetta fléttast svo gildi Akraneskaupstaðar sem eru jákvæðni, metnaður og víðsýni sem einnig eiga við í íþróttastarfi á Akranesi.

Merki ÍA

ÍA-merkið er mikið sameiningartákn á Akranesi, gult og svart eru einkennislitir ÍA. Upprunalega ÍA-merkið var reyndar í fánalitunum og náði þvert yfir brjóstið, það merki var í notkun frá 1946 - 1950. Í þá daga tíðkaðist að Skagamenn léku í bláum buxum og hvítum peysum og mættu þá flestir leikmenn gjarnan til leiks í hvítum spariskyrtum. Haustið 1950 fór Karl Guðmundsson knattspyrnuþjálfari til Þýskalands og var hann beðinn um að kaupa búninga fyrir ÍA. Einskær tilviljun réð því að Karl kom til baka með gula og svarta búninga sem Skagamenn mættu til leiks í á Íslandsmóttinu 1951 og þá með nýtt ÍA merki á brjóstinu. Þessu fylgdi mikil gæfa því Skagamenn unnu þá sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í knattspyrnu, fyrst liða utan Reykjavíkur. Síðan þá hefur gult og svart verið einkenni ÍA og ÍA-merkið er lögverndað vörumerki í eigu ÍA.



Lög og reglugerðir

Íþróttabandalag Akraness (ÍA) er bandalag íþróttafélaga á Akranesi. ÍA starfar samkvæmt lögum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og íþrótt- og æskulýðslögum. Öll félög sem hafa íþróttir á stefnuskrá sinni og hafa aðsetur á Akranesi, hafa rétt til að gerast aðilar að Íþróttabandalagi Akraness, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem á hverjum tíma gilda um frjálsa íþróttastarfsemi samkvæmt lögum og skilgreiningu ÍSÍ.


[Lög ÍA, samþykkt 2013](#)

[Yfirlit yfir lög aðildarfélaganna og aðrar reglugerðir](#)

Skipulag og hlutverk

Aðildarfélög ÍA eru hvert um sig sjálfstætt félag, með sín eigin lög og stjórn. Megin tilgangur hvers aðildarfélags ÍA er að halda úti íþróttastarfi í tiltekinni íþróttagrein eða íþróttagreinum. Hlutverk Íþróttabandalags Akraness er að veita aðildarfélögum sínum umgjörð, stuðning og aðhald eftir því sem við á. Ársþing ÍA og aðalfundir aðildarfélaga þess eru æðsti vettvangur íþróttastarfseminnar á Akranesi. Á milli ársþinga eru starf og framkvæmdavald ÍA í höndum aðalstjórnar ÍA. Aðalstjórn ÍA er skipuð formönnum aðildarfélaga ÍA auk framkvæmdastjórnar ÍA og er formaður framkvæmdastjórnar ÍA jafnframt formaður aðalstjórnar ÍA. Aðalstjórn ÍA skal að jafnaði halda a.m.k. 3 fundi á hverju starfsári stjórnar.

Skipurit:



Hlutverk og starfssvið framkvæmdastjórnar ÍA

Framkvæmdastjórn ÍA er framkvæmdaraðili málefna Íþróttabandalagsins í umboði aðalstjórnar ÍA. Hlutverk framkvæmdastjórnar ÍA mótast af lögum ÍA og þeim áherslum og viðfangsefnum sem eru í deigluinni hverju sinni.

Helstu hlutverk framkvæmdastjórnar ÍA

- Að vinna að eflingu á íþróttastarfi á Akranesi og lýðheilsu í sinni víðustu mynd.
- Að annast samstarf við bæjaryfirvöld á Akranesi um íþróttamál og uppbyggingu íþróttamannvirkja.
- Að annast ráðningu framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.
- Að varðveita og skipta milli aðildarfélaganna fjármunum sem til ráðstöfunar kunna að vera.
- Að staðfesta lög aðildarféлага og fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaganna fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
- Að koma að sameiginlegum íþróttamálum og samræmingu á íþróttastarfi á Akranesi
- Að efla samvinnu íþróttafélaga á Akranesi, ásamt því að hafa forystu um fræðslu og sameiginleg félagsmál.
- Að miðla upplýsingum og annast skýrslugerð varðandi íþróttamál í héraði.
- Að vera fulltrúi aðildarfélaganna utan héraðs og gagnvart opinberum aðilum eins og ÍSÍ og UMFÍ.

Framkvæmdastjórn ÍA er skipuð fimm aðilum í eftirfarandi hlutverkum: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórn er kosin til eins árs í senn og skiptir með sér verkum. Þá skulu einnig kosnir tveir aðilar sem varamenn og tveir skoðunarmenn reikninga.

Helstu verksvið stjórnarmanna ÍA

Helstu verksvið formanns eru:

- Að bera ábyrgð á því að stjórnin gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti.
- Að koma fram fyrir hönd ÍA og vera málsvari þess gagnvart öðrum aðilum.
- Að skipuleggja og boða stjórnarfundi, stýra þeim eða fela öðrum stjórn þeirra samkvæmt fyrirbyggjandi dagskrá hverju sinni.
- Að sjá til þess að lögum ÍA og samþykktum stjórnarfunda og ársþings sé framfylgt.
- Að kynna fyrir nýjum stjórnarmönnum sem og forsvarsmönnum aðildarfélaganna þær stefnur sem samþykktar eru á Íþróttapingi ÍSÍ.
- Að sjá til þess og hafa eftirfylgni með því að öll erindi sem ÍA berast séu afgreidd svo fljótt sem auðið er.
- Að sjá til þess að dagleg starfsemi ÍA sé vel skipulögð og fari vel fram.
- Að virkja aðildarfélög og félagar til starfa í þágu ÍA og aðildarféлага þess.
- Að gera aðildarfélögum og félagsmönnum kleift að meta starfsemi ÍA og hvort aðra nálgun þurfi til þess að ná fram markmiðum og fylgja stefnu þess.
- Að hafa umsjón og eftirlit með samningum og samningagerð fyrir hönd ÍA.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur, útdeila verkefnum í samráði við stjórnarmenn, stýra þeim eða fela öðrum stjórn þeirra.

Helstu verksvið varaformanns:

- Að taka við störfum formanns í forföllum hans.
- Að vera upplýstur um stöðu mála er varða ÍA.
- Að koma fram fyrir hönd stjórnar í samráði við formann.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Helstu verksvið gjaldkera eru:

- Að hafa yfirsýn yfir færslu bókhalds og reikningshalds ÍA, auk ársreikninga.
- Að hafa yfirsýn yfir innheimtu og sjá til þess, í samráði við framkvæmdastjóra að skuldir séu innheimtar.
- Að sjá til þess að gjöld sem ber að greiða séu greidd.

- Að tryggja sem besta ávöxtun lausafjár, varasjóða og þeirra sjóða sem ÍA hefur í vörslu sinni í samráði við framkvæmdastjóra.
- Að setja fram ársreikning í samstarfi við framkvæmdastjóra og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- Að hafa í samstarfi við framkvæmdastjóra yfirsýn yfir þær fjáraflanir sem fram fara í nafni ÍA.
- Að annast gerð fjárhagsáætlunar í samstarfi við framkvæmdastjóra og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Helstu verkefni ritara eru:

- Að skrá fundargerðir á stjórnarfundum og fundum á vegum ÍA, annarra en fundum ráða og nefnda, þegar ekki eru kjörnir sérstakir fundarritarar.
- Að setja og fylgja eftir vinnureglum um skráningu og varðveislu fundargerða, í samstarfi og samráði við aðra í stjórn.
- Að undirbúa ársskýrslu og aðrar skýrslur er varða starfsemina í samvinnu við formann og framkvæmdastjóra.
- Að byggja upp og hlúa að gagna- og heimildasafni bandalagsins.
- Að sjá til þess að bréf og skjöl séu rétt og vel varðveitt.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Helstu verkefni meðstjórnenda eru:

- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Helstu verkefni varamanna stjórnar:

- Varamenn stjórnar eru boðaðir á alla fundi stjórnar ÍA.
- Á stjórnarfundum, skulu varamenn hafa sama rétt til þátttöku í umræðu og aðrir stjórnarmenn. Þeir hafa þó ekki atkvæðisrétt, utan þeirra mála þar sem þeim er tryggður atkvæðisréttur samkvæmt reglugerðum.
- Varamönnum ber skylda til að kynna sér og taka upplýsta ákvörðun/afstöðu um öll þau mál er fjallað er um á fundum stjórnar.
- Varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn ef til afsagnar þess síðarnefnda kemur.

- Til að geta innt skyldur sínar samviskusamlega af hendi skulu varamenn hafa sama aðgang að og fá send öll viðhlítandi gögn sem um aðalmann væri að ræða, enda hafa þeir í flestum tilvikum sömu réttindi og skyldur og aðrir stjórnarmenn.

Helstu verkefni skoðunarmanna reikninga:

- Á ársþingi ÍA skulu kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga. Ekki má velja þessa skoðunarmenn úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna bandalagsins.
- Skoðunarmennirnir hafa heimild til þess að fá aðgang að öllum gögnum og skjölum bandalagsins til þess að geta kannað alla þætti sem varða fjárhagsstöðu bandalagsins.
- Skoðunarmenn fara yfir bókhald fyrir næsta ársþing og koma á framfæri athugasemdum sínum.
- Skoðunarmenn yfirfara ársreikninginn og undirrita hann.

Fjármálastjórn

Framkvæmdastjórn ÍA ber ábyrgð á fjármálum Íþróttabandalags Akraness og skal ársþing ÍA samþykkja ársreikning Íþróttabandalagsins. Á sama hátt eru fjármál einstakra aðildarfélaganna ÍA á ábyrgð stjórnar þeirra og skal aðalfundur viðkomandi félags samþykkja ársreikning þess. Reglugerð og leiðbeiningar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar eru leiðarstef ÍA í fjármálastefnu ÍA.

Ábyrgð og verlag um fjárreiður

Í fjármálum ÍA þarf að fara vandlega með þær tekjur sem koma inn í íþróttahreyfinguna ásamt því að standa skil á þeim gjöldum sem ber að greiða. Mikilvægt er að viðhafa það verlag að fjármálin séu hafin yfir allan vafa og fyllsta öryggis sé gætt. Að bókhald ÍA og aðildarfélaganna þess sé með þeim hætti að það sé skýrt og rekjanlegt. Huga skal vel að innra eftirliti, eftir því sem eftirlitið er meira með rekstrinum, þeim mun betra fyrir alla aðila.

Leiðbeiningar um fjárreiður ÍA:

- Framkvæmdastjórn ÍA ber ábyrgð á fjármálum Íþróttabandalagsins. Á sama hátt ber aðalstjórn viðkomandi aðildarfélaganna ÍA ábyrgð á fjármálum þess.

- Framkvæmdastjórn ÍA / aðalstjórn félags skal samþykkja á stjórnarfundum hverjir hafa umboð til að skuldbinda bandalagið / félagið. Viðsemjendum skal gert ljóst að samningsaðili sé í umboði bandalagsins / félagsins.
- Framkvæmdastjórn ÍA / aðalstjórn félags skal hafa eftirlit með að farið sé eftir samþykktum stjórnarinnar og áætlunum. Æskilegt er að meðferð fjármuna og bókhald sé aðskilið með þeim hætti að það sé sitthvor aðilinn sem sér um meðferð fjármuna og svo hinsvegar færi bókhaldið og útbúi ársreikninginn.
- Framkvæmdastjórn ÍA / aðalstjórn félags skal gera fjárhagsáætlun fyrir hvert reikningsár. Þessir aðilar bera ábyrgð á því að fjárhagsáætlanir bandalagsins / félagsins séu haldnar, óheimilt er að skuldbinda bandalagið / félagið umfram það sem samþykktar áætlanir gera ráð fyrir.
- Varanlega rekstrarfjármuni og lausafé ber að varðveita á sem bestan hátt og gæta skal að því að þessar eignir séu váttryggðar með eðlilegum hætti.
- Aðildarfélög ÍA skulu aðskilja í reikningum sínum fjárreiður yngri iðkenda (barna- og unglíngastarf) svo og eldri iðkenda (afreksstarf og almenningsíþróttir).
- ÍA og aðildarfélög þess skulu fylgja öllum opinberum ákvæðum um greiðslu skatta og atvinnurekenda gjalda. Einnig ber að afhenda skattyfirvöldum allar upplýsingar varðandi launa- og verktakagreiðslur sem farið er fram á.
- Áður en ráðist er í framkvæmdir skal lögð fyrir stjórn áætlun um framkvæmdakostnað og hvernig aflu eigi fjár til að greiða fyrir framkvæmdina.
- Lántökur ÍA eru háðar samþykki aðalstjórnar ÍA, á sama hátt eru lántökur aðildafélags ÍA háðar samþykki aðalstjórnar þess. Áður en aðalstjórn samþykkir lántöku í nafni bandalagsins / félagsins skal hún kanna hvort félagið getur staðið við þær skuldbindingar sem felast í lántökunni. Ef lán er tekið án heimildar aðalstjórnar ber félagið ekki ábyrgð á umræddri lántöku. Gjaldþaga lána skal getið í ársreikningi.

Bókhald, fylgiskjöl og ársreikningar

Haga skal bókhaldi þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna. Færslur í bókhaldi skulu að jafnaði vera í réttri tímaröð og gefa rétta mynd af viðskiptunum þegar þau fóru fram og skal texti bókunarinnar lýsa innihaldi færslunnar á skýran hátt. Jafnframt skal vísað til dagsetningar

viðeigandi fylgiskjals, sem skal vera númerað í kerfisbundinni röð. Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna.

Leiðbeiningar um bókhald ÍA:

- Færslur gjalda og tekna á að staðfesta með dagsettum frumritum/fylgiskjölum, þar sem allar nauðsynlegar upplýsingar koma fram. Formaður og/eða framkvæmdastjóri bandalags/félags skal staðfesta fylgiskjalið eða sá sem til þess hefur umboð.
- Við færslu bókhalds ber að aðskilja rekstur yngri flokka frá rekstri eldri flokka þannig að gera megi sérstakan rekstrarreikning fyrir hvorn hóp um sig.
- Bókhaldsár spannar 12 mánuði. Bókhald og fylgiskjöl skal varðveita á aðgengilegan og öruggan hátt í minnsta kosti sjö ár.
- Formaður og/eða framkvæmdastjóri bandalags/félags skulu árita ársreikninginn. Sömuleiðis skoðunarmenn og/eða endurskoðendur eftir því sem við á samanber 32. til 35. gr. laga um bókhald nr. 145/1994 og samþykktir bandalags/félags (félagslög).
- Ársreikningur skal lagður fram og afgreiddur á ársþingi/aðalfundi. Á ársþingi/aðalfundi skal stjórnin skýra og greina helstu frávík og útskýra ítarlega hafi fjárhagsleg markmið ekki náðst. Ársreikningur bandalagsins/félagsins skal gefa nægar upplýsingar til að lesendum sé unnt að sjá hvernig fjármunum þess hafi verið ráðstafað, skal það gert þannig að unnt sé að bera saman rauntölur bókhaldsins við áætlunina.
- Á ársþingi/aðalfundi skulu kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga fyrir bandalagið/félagið. Ekki má velja þessa skoðunarmenn úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna. Skoðunarmennirnir þurfa að hafa heimild til þess að fá aðgang að öllum gögnum og skjölum bandalagsins/félagsins til þess að geta kannað alla þætti sem varða fjárhagsstöðu bandalagsins/félagsins. Skoðunarmenn fara yfir ársreikning fyrir næsta ársþing/aðalfund, komi á framfæri athugasemdum sínum og sendi ársreikninginn til stjórnar bandalagsins/félagsins ásamt athugasemdum sínum.

Stefnur, siðareglur og hegðurnarviðmið

Til að skerpa á faglegri umgjörð og mæta þeim kröfum sem til íþróttastarfs á Akranesi eru gerðar þá hefur ÍA markað sér stefnur og sett sér reglur um ýmsa mikilvæga þætti er tengjast íþróttastarfinu.

Íþróttastefna ÍA (samþykkt 1996)

Markmið:

Við viljum stefna að því að sem flestir taki þátt í íþróttastarfi.

Leiðir:

- *Efla barna- og unglíngastarfið enn frekar með það að leiðarljósi að íþróttaiðkun skuli vera þroskandi bæði líkamlega, sálrænt og félagslega.*
- *Gefa ungum börnum tækifæri til að kynnast mörgum íþróttagreinum og seinka þeirri sérhæfingu sem á sér stað í dag.*
- *Efla þarf samstarf á milli aðildarfélaganna ÍA þannig að börnum sé gefin kostur á að stunda fleiri en eina íþróttagrein, en ekki stilla þeim upp við vegg þannig að þau þurfa að velja sér íþróttagrein of snemma.*
- *Efla félagslega hlið barna- og unglíngaiþróttanna á Akranesi og koma á samstarfi á milli aðildarfélaganna um þennan þátt.*
- *Efla félagsvitund barna og unglínganna þannig að þeim sé ljóst að það sé merki ÍA sem þau eru að koma fram fyrir.*
- *Efla foreldrastarf innan félaganna og virkja sem flesta foreldra til þess að auðvelda starfið.*
- *Að foreldrar hvetji börn sín til íþróttaiðkunar, slíkt eykur líkurnar á áframhaldandi þátttöku barnanna í íþróttum.*
- *Að virkja sem flesta foreldra til þess að auðvelda starfið.*
- *Að gott upplýsingastreymi sé á milli félags og foreldra.*
- *Hvetja almenning til að taka þátt í almenningsíþróttum.*
- *Upplýsa almenning um gildi hollra lífnaðarháttanna og mikilvægi þess að öll hreyfing sé af hinu góða.*
- *Merkja göngu- og hlaupaleiðir.*
- *Upplýsa almenning um afnotarétt þeirra af íþróttamannvirkjum og hvað þar er í boði.*
- *Veita aðgang að leiðbeinendum.*

- *Auka áherslu á menntun þjálfara.*
- *Stuðla að því að félagin ráði til sín menntaða þjálfara með það að leiðarljósi að menntaðir þjálfarar með áhuga fyrir starfi sínu laði að sér fleiri börn og unglunga heldur en þeir sem eru síður menntaðir og með minni áhuga.*

Markmið:

Við viljum taka þátt í almennum forvörnum eins og vímuvörnum.

Leiðir:

- *Auka áherslu á aukna menntun þjálfara.*
- *Að félag innan Íþróttabandalags Akraness verði í farabroddi hvað vaðar ráðningu menntaðra þjálfara samkvæmt hinu nýja fræðslukerfi ÍSÍ. Hæfir þjálfarar gegna lykilhlutverki í öllu íþróttastarfi.*
- *Að þjálfarar félaganna leggi áherslu á mikilvægi heilsusamlegs lífennis og skaðsemi ávana og fíkniefna. Þær áherslur sem þjálfararnir leggja í starfinu skipta öllu máli fyrir framgang vímuvarnarstefnunnar og eðli íþróttastarfsins.*
- *Auka skilning forráðamanna aðildarfélaga á mikilvægi þessa máls.*
- *Halda árlega fræðslufundi um stefnumótun ÍA í forvörnum og öflugra eftirlit gagnvart félagunum um það að stefnunni sé framfylgt.*

Markmið:

Við viljum stuðla að betra mannlífi með því að taka markvisst þátt í uppeldi barna og unglunga með áherslu á helstu manngildi í lífinu eins og t.d. samvinnu, vinskapa, tillitsemi, kurteisi, aga, þakklæti og jafnrétti kynjanna.

Leiðir:

- *Auka samvinnu íþróttafélaga, skóla, og bæjar í þeim tilgangi að styrkja markvisst barna- og unglingastarf.*
- *Samræma aðgerðir og reglur á milli aðildarfélaga ÍA.*
- *Samræma aðgerðir og reglur á milli þjálfara, forystumanna, foreldra, starfsfólks íþróttamannvirkja ofl.*
- *Að hjá börnum og unglungum gildi sömu umgengis- og agareglur hvort sem um er að ræða almenna skólaleikfimi eða íþróttæfingar.*

Markmið:

Við viljum taka þátt í því að efla skilning einstaklingsins á umhverfi sínu og tengja það íþróttastarfinu.

Leiðir:

- Auka vitneskju þjálfara og forystumanna um mikilvægi þess að skila umhverfinu hreinu og fínu til barna okkar.
- Að þjálfarar og forystumenn miðli mikilvægi umhverfisverndar til barna og unglinga.
- Að íþróttahreyfingin taki þá ábyrgð að starfsemi hennar virki ekki neikvætt á umhverfið.

Markmið:

Við viljum taka þátt í afreksíþróttum og byggja upp afreksfólk m.a. í þeim tilgangi að skapa fyrirmyndar einstaklinga öðrum til hvatningar.

Leiðir:

- Efla þarf innra starf félaganna.
- Samræma aðgerðir þannig að allir stefni að sama markmiði, hvort sem það eru iðkendur, stjórnarmenn, þjálfarar eða hinn almenni stuðningsmaður.
- Uppbygging íþróttamannvirkja verður að halda áfram.
- Skapa betri aðstöðu fyrir þau félög sem hafa afreksíþróttir á stefnuskrá sinni.
- Gera þarf núverandi og væntanlegu afreksfólki grein fyrir stöðu sinni sem fyrirmyndir sem á að virka öðrum til hvatningar.
- Virkja afreksfólk á Akranesi til að vekja athygli á gildi íþróttar og skaðsemi fíkniefna. Hvers kyns fyrirmyndir eiga þátt í að móta atferli og lífstíl ungs fólks.
- Auka þarf stuðning við afreksfólk.
- Að stofna afrekssjóð.

Vímuvarnastefna ÍA (samþykkt 1996)

Yfirlýst stefna ÍA í vímuvarnarmálum er:
ÍÞRÓTTIR OG VÍMUEFNI EIGA EKKI SAMLEIÐ !

Stjórn ÍA er sammála um að undir hugtakið vímuefni falli einnig áfengi og tóbak og sér ekki þörf á því að nefna það sérstaklega þegar rætt er um vímuefni og varnir gegn notkun þeirra eða fræðslu um skaðleg áhrif þeirra.

Öll neysla vímuefna á íþróttiferðalögum og á öðrum opinberum vettvangi tengt íþróttastarfi ÍA er bönnuð.

Aðildarfélög ÍA skulu leitast við að ráða til sín hæfa þjálfara sem hafi fullnægjandi og viðeigandi menntun til að starfa við þjálfun á vegum ÍA.

Stjórn ÍA skal einu sinni á ári standa fyrir námskeiði fyrir þjálfara og leiðbeinendur um forvarnir.

Hlutverk þjálfara er að m.a. að koma skilaboðum til iðkenda um skaðsemi vímuefna og neikvæð áhrif neyslu á árangur í íþróttum. Þjálfarar eru uppalendur og fyrirmyndir og eru í miklum tengslum við foreldra.

ÍA stendur fyrir íþróttamóti einu sinni á ári (haust) fyrir unglunga á aldrinum 14 – 18 ára á Akranesi með yfirskriftinni „Íþróttir gegn vímu“

Stjórn ÍA skal beita sér í því að notkun vímuefna verði bönnuð í íþróttamannvirkum og félagsheimilum sem tengjast íþróttastarfi og íþróttahreyfingunni.

Verði iðkandi, þjálfari, eða forsvarsmaður innan ÍA uppvís um vímuefnaneyslu ber að refsa viðkomandi t.d. með:

- skriflegri áminningu
- brottvísun frá æfingum eða keppni
- sektum

við síendurtekin brot ber að vísa viðkomandi úr félaginu.

Stefna Íþróttabandalags Akraness og aðildarfélaga þess gegn einelti, áreitni og ofbeldi

Stefnuyfirlýsing

Íþróttabandalag Akraness og aðildarfélög þess taka skýra afstöðu gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi.

ÍA leggur áherslu á að skapa og viðhalda umhverfi þar sem gagnkvæm virðing, traust, heilindi og fagmannlegt viðmót er í hávegum haft í öllum samskiptum. Til þess að undirstrika það hefur skýr stefna og verkferlar verið sett fram sem fela í sér nauðsynlegar aðgerðir til að koma í veg fyrir og uppræta háttsemi sem telja má einelti, áreitni eða ofbeldi.

Stefna ÍA vegna eineltis, áreitni og ofbeldis

Stefna þessi gildir fyrir alla starfsmenn og iðkendur ÍA og forráðmenn þeirra og gildir um öll störf og starfsemi sem fram fer undir merkjum ÍA.

ÍA líður ekki einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi innan sinna vébanda og skuldbindur sig til að:

- Tryggja og viðhalda heilbrigðu og öruggu starfsumhverfi fyrir allt starfsfólk og iðkendur ÍA.
- Vinna að forvörnum gegn einelti, áreitni og ofbeldi.
- Bregðast skjótt við rökstuddum grun um einelti, áreitni og ofbeldi innan vébanda ÍA
- Vinna eftir samræmdum verkferlum og viðbragðsáætlun um einelti, áreitni og ofbeldi, á faglegan og óhlutdrægan hátt.
- Gæta jafnræðis og nærgætni í öllum aðgerðum.

Ábyrgð og skyldur ÍA

Framkvæmdastjórn ÍA og stjórnir aðildarfélaga ÍA bera ábyrgð á því að viðhalda góðu umhverfi fyrir iðkendur og starfsmenn sem er laust við einelti, áreitni eða ofbeldi.

Skyldur stjórnenda hjá ÍA fela m.a. í sér að:

- Sýna gott fordæmi með faglegu viðmóti sem einkennist af tillitsemi, kurteisi, virðingu, og umburðarlyndi.
- Sýna í orði og athöfn að einelti, áreitni og annað ofbeldi er ekki liðið.

- Tryggja að allir iðkendur, starfsmenn og forráðamenn fái upplýsingar um hvert þeir geti leitað ef þeir upplifa einelti, áreitni og ofbeldi.
- Bregðast skjótt við ef þeir verða varir við óviðeigandi hegðun í skilningi þessarar stefnu, eða fá vitneskju um slíkt.
- Virða rétt allra til réttlátrar málsmeðferðar.
- Styðja við aðila sem vinna að athugun eða úrlausn mála.
- Íhlutast og grípa til aðgerða, eftir atvikum á meðan og eftir að málsmeðferð lýkur.

Viðbrögð vegna áreitni, ofbeldis eða eineltis innan raða ÍA

ÍA ber að gera aðgerðaáætlun sem felst meðal annars í því að tilgreina til hvaða aðgerða skuli gripið í því skyni að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi og hvað skuli gert ef slík atvik koma upp eða grunur leiki á því að slík atvik hafi komið upp.

Þar þarf m.a. að koma fram:

- Hvernig fræðslu til iðkenda, forráðamanna og starfsmanna skuli háttað með það að markmiði að draga úr hættu á að einelti, áreitni eða ofbeldi.
- Hvernig aðstæðum við æfingar, ferðalög og keppni skuli háttað þannig að dregið sé úr hættu á að aðstæður skapist sem líkur eru á að leitt geti til eineltis, áreitni eða ofbeldis.
- Hvert iðkendur, forráðamenn eða starfsmenn geti komið á framfæri kvörtun eða ábendingu um einelti, áreitni eða ofbeldi innan vébanda ÍA.
- Hvaða aðgerða grípa skuli til komi fram kvörtun, ábending eða rökstuddur grunur um að einelti, áreitni eða ofbeldi eigi sér stað eða hafi átt sér stað innan raða ÍA.
- Hvaða aðgerða skuli gripið til í kjölfar máls vegna eineltis, áreitni eða ofbeldis í því skyni að koma í veg fyrir að slík hegðun endurtaki sig.

Viðbragðsteymi vegna áreitni, ofbeldis eða eineltis innan raða ÍA

ÍA ber að skipa viðbragðsteymi sem tekur á málum ef upp koma mál tengd einelti, áreitni eða ofbeldi innan vébanda ÍA. Í viðbragðsteyminu skulu sitja: Formaður ÍA, framkvæmdastjóri ÍA,

einn formaður aðildarfélags ÍA og sérfræðingur frá Akraneskaupstað.

Hlutverk viðbragðsteymis er m.a. að:

- Gera viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni eða ofbeldis

- *Bregðast við tilkynningum um einelti, áreitni eða ofbeldi í samræmi við viðbragðsáætlun.*
- *Að vinna að úrvinnslu og lausn mála með eins hlutlausum hætti og mögulegt er og afgreiða beiðnir um álit og ráðgjöf eins fljótt og auðið er.*
- *Fylgja eftir málum er varða einelti, áreitni eða ofbeldi og hlúa að málsaðilum*
- *Upplýsa hlutaðeigandi um niðurstöðu mála.*
- *Gæta að því að við meðferð mála sé farið eftir nýrri persónuverndarlöggjöf.*

Aðgerðaáætlun ÍA gegn einelti

Skilgreining á einelti

Einelti er ójafn leikur þar sem einn aðili eða fleiri hafa ítrekað farið yfir persónuleg mörk annars aðila með líkamlegu, andlegu eða félagslegu ofbeldi eða félagslegri einangrun Einelti getur þrífist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað án tillits til aldurs fólks, vitsmunabroska, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu

Aðgerðaáætlun gegn einelti

Vinna gegn einelti miðar að því að bæta samskipti, koma í veg fyrir að samskipti þróist í einelti og bregðast við á skipulegan hátt ef einelti á sér stað. Aðgerðaráætlun skiptist í tvo hluta, forvarnir og viðbragðsáætlun. Forvarnarhluta aðgerðaráætlunarinnar skal útfæra nánar í hverju aðildafélagi ÍA. Aðgerðaráætlun skal endurskoða reglulega.

Forvarnir

- *Góður og jákvæður íþróttandi*
- *Öflugt foreldrasamstarf*
- *Öflugt félagsstarf í hópum*
- *Kynning á aðgerðaráætlun gegn einelti fyrir nýja stjórnarmeðlimi*
- *Fræðsla fyrir iðkendur og foreldra þeirra*
- *Skilgreining á hlutverki fararstjóra í ferðum félaganna*
- *Fræðsla um einelti*
- *Sáttmálar gegn einelti*
- *Upplýsingar til grenndarsamfélagsins um einelti, s.s. skólans og þorpsins*

Viðbragðsáætlun

Engin tvö eineltismál eru eins og því þarfnast þau mismunandi og mismikillar íhlutunar, þó skulu eftirfarandi hlutverk, boðleiðir og verklag/vinnuferli alltaf höfð til hliðsjónar

Hlutverk og boðleiðir:

1. Sá sem fær upplýsingar um einelti vísar því til stjórnar í því félagi sem barnið stundar íþróttir sínar. Stjórn tekur málið upp á fundi, skipar umsjónaraðila sem setur það í þann farveg sem við á. Sá farvegur skiptist í könnunarþrep, lausnaþrep og eftirfylgd.
2. Stjórn hvers aðildafélags ber ábyrgð á að skipuleggja forvarnir og framfylgja viðbragðsáætlun.
3. Foreldrar og stjórn aðilafélags geta leitað ráðgjafar Íþróttabandalags Akraness ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan aðildafélags.
4. Foreldrar eða Íþróttabandalag Akraness geta óskað eftir aðstoð sérstaks fagráðs sem starfar á ábyrgð mennta-og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna viðunandi lausn.

Leiðbeinandi verklag/vinnuferli fyrir eineltisteymi:**Tilkynning**

- Allar tilkynningar um einelti eru teknar alvarlega
- Öllum er heimilt að tilkynna einelti. Það á við bæði foreldra, iðkenda, þjálfara og aðra er koma að málinu.
- Fylla skal út tilkynningu á þar til gert eyðublað. Tilkynningu má skila til allra í stjórn aðildarfélaga eða Íþróttabandalagsins.
- Tilvísandi skal fá ljósrit af tilkynningu
- Sá sem tekur við tilkynningu um einelti afhendir hana formanni þess félags sem um ræðir.
- Skipuleg skráning málsmeðferðar hefst

Könnunarþrep

- Stjórn kemur saman og gerir áætlun í samræmi við viðbragðsáætlun og aftar frekari gagna

- *Stjórn skipar ábyrgðaraðila sem ræðir við málsaðila og foreldra þeirra, fyrst þann sem eineltið beinist að, síðan þann/þá sem taldir eru standa fyrir eineltinu*
- *Athuga þarf að stundum er æskilegra að sitthvor aðilinn tali við geranda og þolanda*
- *Umsjónaraðili ræðir við aðra aðila ef talin er þörf á til að varpa skýrara ljósi á málið*
- *Könnun máls skal lokið innan tveggja vikna frá því að tilkynning un einelti barst*
- *Könnunarprepi lýkur með lausnaáætlun*
- *Ákvörðun um lausnaleið er tekin á grundvelli niðurstaðna og í samráði við málsaðila og eru þeir upplýstir um niðurstöðuna í samráði við foreldra málsaðila.*

Lausnaþrep

- *Unnið er samkvæmt lausnaáætlun*
- *Skoða hvort veita þurfi stuðning við íþróttahóp þolanda / geranda*
- *Skoða hvort þörf sé á að veita upplýsingar til grenndarsamfélagsins*
- *Lausnaþrepi lýkur, með áætlun um eftirfylgd, þegar aðilar máls eru sammála um að viðunandi lausn sé náð*

Eftirfylgd

- *Stjórn aðildafélags heldur áfram samráði við foreldra málsaðila samkvæmt eftirfylgdaráætlun í allt að 6 mánuði*
- *Sá sem einelti beindist að og sá/þeir sem stóðu fyrir eineltinu fá skipulegan stuðning og aðhald í a.m.k. 6 mánuði frá sitthvorum aðilanum*
- *Málinu lokað með undirskrift*

Jafnréttisstefna Íþróttabandalags Akraness

Íþróttabandalag Akraness leggur áherslu á jafnrétti kynjanna hvað varðar aðstöðu, þjálfun og fjármagn. Félagið veitir öllum iðkendum möguleika á að stunda íþróttir óháð kynferði, búsetu, þjóðerni, trú eða litarhætti.

- *Iðkendur á Akranesi eiga jafnan rétt og möguleika til að stunda íþróttir með aðildarfélögum ÍA óháð, kyni, fötlun, uppruna, trúarskoðun eða efnahag.*
- *Bæði kyn hafa jafna möguleika til að stunda allar íþróttagreinar sem aðildarfélög ÍA bjóða uppá.*
- *Aðildarfélög ÍA gera sömu hæfniskröfur til þjálfara beggja kynja og greiða laun skv. menntun þeirra og reynslu en ekki kynferði þeirra sjálfra eða þeirra sem þeir þjálf.*
- *Aðildarfélög ÍA sjá til þess að aðstaða og möguleikar beggja kynja til afreka sé jöfn og hvetja bæði kyn jafnt til afreka.*
- *Iðkendur, félagsmenn og starfsmenn aðildarfélaga ÍA hafa ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynja- eða kynþáttamisrétti gagnvart öðrum.*
- *Iðkendur og aðrir félagsmenn eru meðvitaðir um menningarmun og hugsanlega vanþekkingu innflytjenda á aðstæðum á Akranesi og leggja sig fram um að aðstoða alla við aðlögun að íþróttastarfi ÍA*
- *Leitast er við að kynjahlutföll séu sem jöfnust í stjórnnum félaga og Íþróttabandalagsins svo og öðrum trúnaðarstörfum innan aðildarfélaga ÍA*

Siðareglur ÍSÍ og ÍA

Samþykkt var að taka upp siðareglur ÍSÍ á 75. ársþingi ÍA 2019.

Siðareglur þessar eiga við um alla aðila innan ÍSÍ og sambandsaðila, þ.e. sérsambönd og héraðssambönd/ íþróttabandalög og í öllu starfi og viðburðum sem skipulagðir eru af íþróttahreyfingunni. Kynntu þér og tileinkaðu þær siðareglur sem hér er að finna:

- *Komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.*
- *Gættu trúnaðar og þagmælsku í störfum þínum en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.*
- *Misnotaðu ekki valdastöðu þína eða hvers konar yfirburði sem þú kannt að hafa yfir öðrum.*
- *Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins.*
- *Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.*
- *Þiggðu hvorki gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi þitt.*

Hegðunarviðmið ÍSÍ og ÍA

Samþykkt var að taka upp hegðunarviðmið ÍSÍ á 75. ársþingi ÍA 2019.

Hegðunarviðmið fyrir þjálfara

- *Komdu fram af virðingu*
- *Komdu eins fram við alla iðkendur óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.*
- *Berðu virðingu fyrir einstaklingnum óháð getu eða metnaði til að ná árangri.*
- *Berðu virðingu fyrir mótherjum, foreldrum/forsjáraðilum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki og stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama.*

Vertu heiðarleg(ur)

- *Farðu eftir reglum íþróttagreinarinnar, haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu iðkendur til að gera það líka.*
- *Stuðlaðu að jákvæðu og íþróttalegu umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.*
- *Gættu trúnaðar og sýndu aðgætni við meðferð og vörslu persónuupplýsinga. Undantekningu frá þagnarskyldu má einungis gera af brýnni nauðsyn og í samræmi við lagaboð.*
- *Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.*

Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar

- *Allir iðkendur eiga skilið að fá athygli og jöfn tækifæri.*
- *Leggðu þig fram þannig að iðkendur fái sem mest út úr æfingunni.*
- *Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur.*
- *Ýttu undir heilbrigðan lífsstíl með góðu fordæmi.*

Berðu virðingu fyrir þjálfarastarfinu

- Gerðu kröfur til þín varðandi málfar, hegðun, stundvísi, undirbúning og kennslu/þjálfun.
- Sýndu íþróttinni og félaginu virðingu og virtu reglur.
- Leggðu metnað þinn í starfið og leitaðu leiða til að auka þekkingu þína.
- Skipuleggðu starfið með tilliti til getu og þroska iðkenda.
- Vertu óhræddur við að leita eftir samstarfi við aðra þjálfara eða sérfræðinga.
- Taktu leiðtoga hlutverk þitt alvarlega og nýttu stöðu þína á uppbyggilegan hátt.
- Haltu iðkendum og aðstandendum upplýstum um þjálfunina.

Það sem er iðkandanum fyrir bestu

- Gættu að öryggi í umhverfi og að aðbúnaður hæfi aldri og þroska iðkenda.
- Settu heilsu og heilbrigði iðkenda á oddinn og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað getur heilbrigði þeirra.
- Sýndu athygli og umhyggju þeim sem orðið hafa fyrir meiðslum og þeim sem leita til þín vegna andlegrar vanlíðunar.
- Forðastu að koma þér í þá stöðu að vera einn með iðkanda.

Ofbeldi er ekki liðið í íþróttahreyfingunni!

- Vertu vakandi og beittu þér gegn öllu ofbeldi: líkamlegu, kynferðislegu og andlegu.
- Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.
- Forðastu líkamlega snertingu við iðkendur, nema þar sem hún er nauðsynlegur hluti þjálfunarinnar.
- Þér ber skylda til að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.

Hegðunarviðmið fyrir iðkendur

Komdu fram af virðingu

- Komdu eins fram við alla óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- Berðu virðingu fyrir einstaklingum óháð getu eða metnaði til að ná árangri.
- Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði.
- Berðu virðingu fyrir andstæðingum, dómurum, foreldrum/forsjáraðilum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki.
- Leggðu þitt að mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft sem er laust við líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi.

Vertu heiðarleg(ur)

- Farðu eftir reglum íþróttarinnar og komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
- Leggðu þitt að mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft og umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.
- Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.

Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar

- Berðu ábyrgð á eigin hegðun.
- Gerðu þitt besta þannig að þú fáir sem mest út úr æfingunni.
- Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur og hafðu það hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.
- Tileinkaðu þér heilbrigðan lífsstíl.
- Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.

Hegðunarviðmið fyrir stjórnarmenn og starfsfólk

- Komdu fram af virðingu
- Komdu eins fram við alla óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- Berðu virðingu fyrir skoðunum annarra.

Vertu heiðarleg(ur)

- *Farðu eftir reglum íþróttahreyfingarinnar, haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu félagsmenn til að gera það líka.*
- *Stuðlaðu að jákvæðu og íþróttalegu umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.*
- *Gættu fyllsta trúnaðar þar sem við á.*
- *Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.*
- *Forðastu eða tilkynntu fjárhagslega og persónulega hagsmunarárekstra.*

Vertu félagsmönnum góð fyrirmynd

- *Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.*
- *Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn.*
- *Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur.*
- *Leggðu metnað í starfið og berðu ábyrgð á eigin hegðun.*
- *Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.*

Berðu virðingu fyrir starfsemi félagsins

- *Þekktu lög og reglur félagsins.*
- *Stattu vörð um anda og gildi félagsins.*
- *Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.*
- *Sýndu íþróttum virðingu og virtu reglur þeirra, venjur og siði.*
- *Sýndu öllum iðkendum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og starfsfólki virðingu og stuðlaðu að því að iðkendur og félagsmenn geri slíkt hið sama.*
- *Þér ber skylda til að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.*

Hegðunarviðmið fyrir foreldra/forsjáraðila

- *Mundu að barnið þitt er í íþróttum sín vegna, en ekki þín vegna.*
- *Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum, en ekki þvinga það.*
- *Hvettu öll börn, ekki bara þitt.*

- *Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.*
- *Berðu virðingu fyrir öllum iðkendum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki.*
- *Berðu virðingu fyrir réttindum barna, hvert barn er einstakt.*
- *Mundu að þjálfarinn þjálfar en foreldrar hvetja.*
- *Upplýstu um stríðni, einelti eða áreitni.*
- *Sýndu starfi félagsins virðingu og vertu virkur þátttakandi.*
- *Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.*
- *Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.*
- *Þér ber að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.*

Fræðslu- og félagsmálastefns ÍA

Eitt af hlutverkum ÍA er að hafa forystu um fræðslu og sameiginleg félagsmál íþróttafélaganna á Akranesi.

Fræðslustefna:

- *Að veita öfluga upplýsingagjöf og fræðslu til aðildarfélaganna með því að bjóða uppá regluleg námskeið, fyrirlestra og fræðslu sem nýtast megi aðildarfélögum í íþróttastarfi þeirra.*
- *Að hvetja aðildarfélög ÍA til að efla þekkingu og meðvitund iðkenda, þjálfara og annars starfsfólks á siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍA.*
- *Að vinna markvisst að því að kynna þær íþróttagreinar sem eru í boði hjá ÍA og skapa tækifæri og svigrúm til þess að börn og unglingar geti stundað íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.*
- *Að hvetja aðildarfélög til samstarfs við skóla og frístund til að gefa börnum fjölbreytileika í frístunda- og íþróttastarfi á dagvinnutíma.*
- *Að hvetja til almennrar þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi aðildarfélaganna.*
- *Að hjá ÍA starfi menntaðir og hæfir þjálfarar.*
- *Að hvetja öll aðildarfélög til að senda þjálfara sína í þjálfaramenntun ÍSÍ og sérsambanda.*
- *Að hvetja öll aðildarfélög til að verða Fyrirmyndarfélög ÍSÍ.*

Félagsmálastefna:

- *Að efla félagshæfni iðkenda og félagsmanna innan ÍA og virkja þá sem þátttakendur í íþróttahreyfingunni.*
- *Að bjóða uppá faglegt íþróttastarf sem innifelur heilbriggt og gott félagslegt uppeldi barna og unglinga.*
- *Að hvetja til jákvæðra samskipta og fræðslu um verndandi þætti velferðar sem og áhættuþætti innan aðildarfélaganna.*
- *Að skapa tækifæri til að leika og starfa í fjölskylduvænni og heilbrigðri íþróttahreyfingu þar sem allir hafa jöfn tækifæri til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl, vellíðan og sterka sjálfsmynd.*

- *Að hlúa vel að umhverfi barna og unglinga/iðkenda þannig að þau/þeir búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi þar sem áhersla er á félagsleg samskipti og félagslega færni til jafns við íþróttæfingar og keppnir.*
- *Að taka sérstaklega vel á móti nýliðum og fræða iðkendur um heilbrigðan fordómalausán lífsstíl.*
- *Að stuðla að skipulögðu félagsstarfi og samveru utan íþróttæfinga.*

Umhverfisstefna ÍA

ÍA lætur umhverfismál sig mikið varða og vill leggja sitt af mörkum til að vernda umhverfið og bæta.

Umhverfisstefna:

- *Að iðkendur, félagsmenn og stuðningsfólk fylgi þeim umgengnisreglum sem gilda í íþróttamannvirkjum á Akranesi.*
- *Að ruslafötur séu til staðar á æfinga- og keppnissvæðum og allir hvattir til að nýta þær.*
- *Að frágangur sé góður að lokinni æfingu og/eða keppni.*
- *Að hvetja til sparnaðar í keyrslu á æfingar og mót með því að ganga, hjóla og sameinast í bíla.*
- *Að stuðla að því að almenningssamgöngur séu í boði fyrir iðkendur sem þurfa að sækja æfingar langt að.*
- *Aðildarfélag eru hvött til að safna dósnum og lágmarka notkun einnota umbúða.*
- *Að á ársþingum ÍA, formannafundum og öðrum viðburðum sé reynt að takmarka notkun pappírs og leggja áherslu á rafræna upplýsingagjöf.*
- *Að skipuleggja umhverfisdag þar sem félagsmenn fara saman út og plokka rusl með skipulögðum hætti á Akranesi.*

Persónuverndarstefna ÍA

Almennt

Íþróttabandalag Akraness (ÍA) leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar sem unnið er með í starfseminni. Persónuverndarstefna þessi er í anda [persónuverndarstefnu Akraneskaupstaðar](#) og er ætlað að skýra hvernig við öflum og notum persónuupplýsingar og hvaða réttindi einstaklingar eiga sem skráðir eru hjá ÍA.

ÍA leitast við að uppfylla ákvæði og regluverk laga um persónuvernd sem í gildi eru á hverjum tíma. Persónuverndarstefna þessi er byggð á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 (pvl.) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB), nr. 2016/679 (rglg.). ÍA telst vera ábyrgðaraðili í skilningi laganna og ber ábyrgð á því hvernig persónuupplýsingar eru unnar í starfseminni.

Meginreglur persónuverndar ÍA

Við höfum ávallt í huga meginreglur persónuréttar við vinnslu persónu upplýsinga. Þessar reglur fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu:

- áreiðanlegar og uppfærðar reglulega;
- unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti;
- fengnar í skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi;
- unnar af hófsemi og miðast við tilgang söfnunar;
- varðveittar með öruggum hætti og ekki lengur en þörf er á.

Við leitumst við að öll vinnsla persónuupplýsinga sé viðhöfð með hliðsjón af meginreglunum þannig að tryggja megí réttindi einstaklinga sem best.

Hvaða persónuupplýsingum söfnum við og hvernig ?

Það er óhjákvæmilegt að ýmsum persónuupplýsingum sé safnað í starfsemi bandalagsins um mismunandi hópa einstaklinga. ÍA safnar og vinnur persónuupplýsingar meðal annars um:

- Starfsumsækjendur og starfsmenn ÍA
- Forsvarsmenn íþróttafélaga
- Tengiliði viðskiptamanna, sjálfboðaliða íþróttaviðburða, birgja, verktaka, ráðgjafa, stofnana og annarra aðila sem ÍA er í samningssambandi við

- *Styrkþegar ýmissa styrkja sem hægt er að sækja um í gegnum ÍA*
- *Þátttakendur á námskeiðum á vegum ÍA*
- *Þátttakendur í íþróttaviðburðum á vegum ÍA*
- *Þátttakendur á alþjóðlegum mótum fyrir hönd ÍA*

Ólíkum upplýsingum er safnað um ólíka flokka einstaklinga. Til dæmis er umfangsmeiri upplýsingum safnað um starfsmenn heldur en styrkþega og almenning. Dæmi um upplýsingar sem við vinnum með eru:

- *Starfsumsækjendaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, fyrri störf og menntun, kunnátta og fleiri upplýsingar í tengslum við starfsumsóknir.*
- *Starfsmannaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, mynd, lögheimili, sími, netfang, starfsheiti, bankareikningur og fleira. Við kunnum einnig að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar um starfsmenn, eins og heilsufars upplýsingar vegna veikinda og upplýsingar um stéttarfélagsaðild.*
- *Upplýsingar um forsvarsmenn aðildarféлага, svo sem nafn, kennitala, netfang, símanúmer og hlutverk.*
- *Upplýsingar um þátttakendur í viðburðum á vegum ÍA, svo sem nafn, kennitala, kyn, þjóðerni, heiti móts, keppnisgreinar, árangur, bolastærð, símanúmer, netfang og fleira sem tengist þátttöku í viðburðum.*
- *Upplýsingar um þátttakendur á alþjóðlegum mótum, svo sem nafn, kennitala, kyn, þjóðerni, íþróttagrein, árangur, heiti móts, tegund móts, heilsufarsupplýsingar, mynd og ljósrit af vegabréfi.*
- *Viðskiptamannaupplýsingar, svo sem nafn, netfang, tengsl við fyrirtæki, símanúmer, starfsheiti og samskiptasaga.*
- *Myndir af gestum á viðburðum, fræðslufundum og ráðstefnum á vegum bandalagsins.*
- *Myndbandsupptökur úr öryggismyndavélakerfi. Tilgangurinn er einkum öryggis- og eignavarsla, þannig að gæta megji hagsmuna ÍA, gesta og starfsmanna.*
- *Upplýsingum er safnað um IP tölur þeirra sem nota vefi ÍA (ia.is) í gegnum vefkökur (e. cookies), sem greina meðal annars hvernig vefirnir eru notaðir. Persónuupplýsingarnar sem við söfnum og vinnum koma venjulega beint frá hinum skráða og aðildarfélögum ÍA.*

Hver er grundvöllur/tilgangur vinnslu persónuupplýsinga ?

ÍA vinnur persónuupplýsingar um einstaklinga á grundvelli samþykkis, einkum um þátttakendur í íþróttaviðburðum á vegum ÍA og í markaðs tilgangi. Þátttakendur í íþróttaviðburðum á vegum ÍA skrá upplýsingar um sig sjálfir í skráningarkerfi ÍA. Upplýsingar um þátttakendur eru skráðar til að hægt sé að þjónusta þá og halda utan um sögu og tölfræði viðburðanna. Einnig vinnum við persónuupplýsingar á grundvelli lögmætra hagsmuna vegna myndavélaeftirlits í öryggis- og eignavörslutilgangi. Í slíkum tilvikum fullvissum við okkur um það að grundvallarréttindi og frelsi skráðra einstaklinga vegur ekki þyngra en okkar hagsmunir af því að vinna upplýsingarnar. Í sumum tilvikum vinnum við persónuupplýsingar einstaklinga á grundvelli samningssambands og á það einkum við um starfsumsækjendur, starfsmenn, viðskiptamenn, birgja og verktaka. Það getur einnig verið í þeim tilgangi að koma slíku samningssambandi á. Þá fer vinnsla einnig fram til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á okkur, svo sem í tengslum við útgreiðslu launatengdra gjalda, samkvæmt vinnuréttarlöggjöf eða á grundvelli jafnréttislaga, svo sem þegar við skráum upplýsingar um kyn.

Viðkvæmar persónuupplýsingar eru einkum unnar um starfsmenn og þátttakendur á alþjóðlegum mótum fyrir hönd ÍA. Í þeim tilvikum gerum við viðeigandi verndarráðstafanir í samræmi við gerðar kröfur.

Miðlun

ÍA kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila vegna ýmissa ástæðna. Til dæmis getur verið um að ræða þjónustuaðila eða verktaka sem veita ákveðna þjónustu eins og t.d. tímatöku, upplýsingatækni og ljósmyndun. Getur þá verið nauðsynlegt að veita slíkum aðila aðgang að persónuupplýsingum. Þegar slíkir aðilar hafa aðgang að persónuupplýsingum vegna eðli þjónustunnar sem um ræðir tryggir ÍA að aðeins séu afhentar persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og að um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem bjóða upp á þjónustu sem uppfyllir skilyrði persónuverndarlaga, m.a. með tilliti til öryggis persónuupplýsinga.

Einstaklingar skulu athuga það að allt efni sem þeir kjósa að birta eða deila á samfélagsmiðlasíðum sem tengjast ÍA eru opinberar upplýsingar, þar á meðal nafn, mynd og athugasemdir, sem deilt er á slíkum vettvangi. Með því að tengjast ÍA á samfélagsmiðlum lítum við svo á að leyfi sé gefið til að deila upplýsingum sem birtast á þeim vettvangi með veitanda samfélagsmiðlaþjónustunnar. Notkun

þeirra upplýsinga tekur mið af persónuverndarstefnu samfélagsmiðilsins sem um ræðir og hvetjum við einstaklinga til að kynna sér það.

Öryggi

Mikið er lagt upp úr öryggi persónuupplýsinga hjá ÍA og hefur verið gripið til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með hliðsjón af eðli og umfangi vinnslu. Meðal annars með innleiðingu ferla og verklags, sem og tæknilegra öryggisráðstafana, sem taka tillit til eðli upplýsinganna sem um ræðir og áhættu fyrir skráða einstaklinga. Verði öryggisbrestur sem varðar persónuupplýsingar og hefur í för með sér áhættu fyrir skráða einstaklinga mun ÍA tilkynna slíkt án ótilhlýðilegra tafa til Persónuverndar. Í ákveðnum tilfellum ber ÍA einnig að tilkynna skráðum einstaklingum um öryggisbresti.

Varðveisla

ÍA geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilgang vinnslu. Söguleg gögn eru geymd ótímabundið og eftir atvikum færð til Héraðsskjalasafns. Bókhaldsgögn eru geymd í að minnsta kosti 7 ár eins og lög kveða á um. Sé möguleiki á því að þörf verði fyrir persónuupplýsingar síðar til að uppfylla lagaskyldu eða vegna lögmætra hagsmuna, mun ÍA varðveita þær persónuupplýsingar með eins öruggum hætti og nauðsyn ber til.

Réttindi einstaklinga

Einstaklingar geta óskað eftir upplýsingum um vinnslur ÍA og einnig geta þeir óskað eftir því að nýta önnur réttindi sín með því að senda skriflega fyrirspurn á netfangið: ia@ia.is. Dæmi um réttindi einstaklinga eru:

- aðgangur að persónuupplýsingum
- afrit af persónuupplýsingum, réttur til leiðréttingar og eyðingar
- mótmæla vinnslu og/eða takmarka vinnslu
- draga til baka samþykki fyrir vinnslu
- óska eftir því að persónuupplýsingar séu fluttar til annars aðila

Einstaklingar kunna að eiga frekari réttindi í tengslum við vinnslu ÍA á persónuupplýsingum. Þá kann framangreint að vera háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða lögmætum hagsmunum ÍA. Við munum óska eftir

staðfestingu á auðkenni þeirra einstaklinga sem virkja réttindi sín, svo sem með ökuskírteini eða vegabréfi, til að tryggja það að upplýsingar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

Vafrakökur (e. Cookies)

Vafrakökur (e. cookies) eru textaskrár sem hlaðast inn í vafra þegar notendur fara inn á vefsvæði. Vafrakökur gera vefsvæðum kleift að greina á milli notenda og hvernig þeir nota vefsvæði. ÍA notar vafrakökur til að mæla heimsóknir á vefsíðuna sína. Umferð á vefinn er svo mæld og greind með Google Analytics. Skráður er tími og dagsetning heimsókna á vefinn niður á IP tölur, frá hvaða vefsíðu heimsóknir koma, tegund vafra og stýrikerfis, og hvaða leitarorð notendur nota til að komast á vefinn, sem og til að finna efni innan hans. Vafrakökur eru notaðar til að bæta viðmót og notendaupplifun á vefsíðum ÍA. Einnig til að muna mikilvægar upplýsingar frá fyrri heimsóknum notenda. Upplýsingar sem vafrakökurnar safna eru geymdar í 30 dagar og eyddar að þeim tíma loknum. Takmarka má notkun vafrakakna í vöfrum og eyða þeim. Það er ólíkt eftir vöfrum hvernig ferlið er en leiðbeiningar má finna í hjálparvalmöguleikum vafra.

Samskipti við ÍA og Persónuvernd

Fyrirspurnum vegna persónuverndarmála ÍA er unnt að beina á netfangið ia@ia.is eða með símtali til framkvæmdastjóra ÍA. Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga er unnt að senda kvörtun til Persónuverndar. Finna má upplýsingar um hvernig hafa skal samband við stofnunina hér: www.personuvernd.is.

Breytingar á persónuverndarstefnu ÍA

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu á vefsíðu ÍA (ia.is).